



Viñales

Klettaklifur á Kúbu

Björgvin Hilmarsson
klifur@gmail.com

Flestir hafa skoðun á Kúbu, ég er engin undantekning og taldi mig vita ýmislegt. En það er alltaf gott að kynna hlutunum af eigin raun og það var í og með markmið ferðar minnar til Kúbu, sem var í beinu framhaldi af flakki um Mið-Ameríku. Nú veit ég ýmislegt um Kúbu, en samt svo miklu minna en ég hélt að ég vissi áður en ég kom þangað.

Á Kúbu býr fólk við erfiðar aðstæður að mörgu leyti. Langvarandi og ósanngjarn viðskiptabann hefur komið í veg fyrir að Kúba geti átt eðlileg samskipti við umheiminn og heftir möguleika á viðskiptum við önnur lönd. Kúba fær því ekki að leika eftir sömu reglum og aðrar þjóðir auk þess sem byltingarleiðtogarnir eru gamaldags og þrjóskir. En látum öðrum eftir að kryfja nánar samfélagið og stjórn málin á Kúbu sem reyndar lítur út fyrir að sé að breytast töluvert um þessar mundir. Það sem hér verður fjallað um er klettaklifur í Viñales sem er af mörgum talið vera meðal bestu klifursvæða heims og hvað ber að hafa í huga þegar þangað er farið.

Einn af þeim sem hefur átt hvað mestan þátt í að koma Viñales á kortið er Bandaríkjamaðurinn Armando Menocal sem á rætur að rekja til Kúbu. Hann er lögfræðingur, afkastamikill klifrari og leiðsögumaður hjá Exum Guides og stofnaði á sínum tíma „The Access Fund“, samtök sem berjast fyrir því að halda klifursvæðum opnum víða um heim. Armando heldur úti frábærri síðu um klifur á Kúbu, www.cubaclimbing.com, þar sem gríðarlegt magn upplýsinga er að finna fyrir þá sem hyggjast klifra þar. Ég mun miðla af eigin reynslu auk þess sem ég hafði samband við Armando og spurði hann nokkurra spurninga.

Upphaf klifurs á Kúbu

Það er ekki langt síðan fréttir fóru að berast af þeim góðu klifurmöguleikum sem eru á Kúbu. Það má segja að hjólin hafi farið að snúast eftir að Armando fór til Kúbu árið 1998. En fyrst aðeins að upphafinu. Upp úr 1990 fóru hellaáhugamenn á Kúbu að fíkta við klifur og notuðu ýmist heimatilbúinn búnað eða eitthvað sem þeim hafði verið gefið. Árið 1996 kom Spánverjinn Miguel Rubio með ýmsan búnað og kynnti tæknilegra klifur fyrir áhugasömum. Ári seinna var það Alberto Morales sem mætti með fullan rakk af dóti og setti ásamt heimamönnum upp fyrstu boltuðu leiðina í Viñales og skildi svo rakkinn eftir. Árið 1998 kom svo Armando Menocal til Kúbu í fyrsta skipti í 40 ár og uppgötvaði þá hversu mikla möguleika Viñales hefur upp á að bjóða. Hann sneri aftur ári seinna með ekki ómerkari menn en Craig Luebben og Cameron Cross. Í kjölfarið fóru að birtast greinar í alþjóðlegum tímaritum um svæðið.

Sérstakur staður og gott fólk

Viñales-dalurinn er á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) því þar er að finna mjög sérstakt landslag. Áberandi eru stakar klettahæðir eða hattar, svokallaðar „mogotes“, sem talið er að hafi myndast þegar landið umhverfis féll eftir að hellar neðanjarðar hrundu saman.

Viñales er um 200 km vestur af Havana og það er auðvelt að koma sér þangað. Rútur ganga á milli auk þess sem hentugt er fyrir nokkra saman að taka leigubíl eða þá að sameinast öðrum. Nóg er af gistimöguleikum í Viñales. Best er að koma sér

Í Viñales er að minna leygi og mjög sérstakt landslag. Örstuff er í nálægustu klifursvæðin. Bændur rækta tóbak af kappi enda dalurinn mjög frjósamur.
Mynd: Björgvin Hilmarsson.



fyrir á einu af fjölmörgum „casas particulares“ en margir þorpsbúar leigja út herbergi á góðu verði og bjóða upp á máltíðir þrisvar á dag. Í heimahúsum fær maður besta matinn og ekkert jafnast á við návígið við fólkið sjálft. Eftir góðan klifurdag er svo tilvalið að kíkja niður á aðalgötu og inn á einhverja knæpuna þar sem venjulega er lifandi tónlist og fólk að dansa salsa eins og það eigi lífið að leysa [...eða til að gleyma].


Sjálfur gisti ég í húsi Oscars Jamie sem er einn aðalsamkomustaður klifrara í Viñales. Vinsældir Oscars má ef til vill rekja til þess að hjá honum hafa gist flestir af þeim heimsfrægu klifrum sem heimsótt hafa Viñales. Oscar er mjög stoltur af þessu og nefndi Lynn Hill og Craig Luebben sem dæmi. Þarna má finna leiðarvísa, klifurtímarit, bækur um klifur og fleira. Maturinn er góður og aðstaðan fin svo ekki sé minnst á mikla gestrisni húsbóndans og hans fólks. Ég var alls í tvo mánuði á Kúbu og þar af um fimm vikur í Viñales. Mestan tímann klifraði ég með Svía sem ég deildi herbergi með hjá Oscari. Eftir að ég hafði komið mér sæmlega fyrir var ekkert annað að gera en að hella sér út í klifrið. Ég hafði prentað út alla leiðarvísa af síðunni hans Armandos áður en ég kom til Kúbu. Það tæki allt of langan tíma að fara ítarlega í gegnum öll svæðin í Viñales en mig langar þó að minnst lítillega á nokkur af þeim nafntoguðustu án þess að fara náði út í lýsingar á klifrinu sjálfu.


Craig Luebben í krúx-spönn Cuba Libre (5.12a) sem er með fyrstu leiðum sem klifraðar voru í Viñales.

Mynd: Armando Menocal.

Klifursvæðin

Mogote del Valle er næst bænum og þar er fínt að byrja og af nógu að taka. Það fyrsta sem ég prófaði var Cueva Larga eða „Stóri hellir“ sem þó er ekki lokaður að ofan, svo þetta er meira eins og stór sprunga og hægt að klifra á báðum veggjum. Gott skjól er frá sólinni og hægt að vera þar allan daginn ef því er að skipta. Eitt af því fyrsta sem maður rekur augun í þegar maður skimar yfir Mogote del Valle frá bænum, er risastór hellir með fullt af fríhangandi dropasteinum (stalactites). Stóra opið er kallað Wasp Factory og ekki að ástæðulausu. Þar er einnig





Dale Moore klifrar hina frá-
bæru leið Mambises y Maulets
(5.11a) í Cueva Larga.
Mynd: Biörgvin Hilmársson

hellismunni Cueva de Cabeza la Vaca sem liggur yfir í dalverpi á hinni hlið Mogote del Valle sem hefur að geyma fleiri leiðir. Í lofti hellisins sjálfs eru einnig nokkrar leiðir. Til að komast að þessu svæði fer maður í gegnum bæjarhlaðið hjá Raúl Reyes. Hann er hinn viðkunnanlegasti og sjálfsagt að staldra aðeins við, kaupa sér ávexti sem hann býður upp á og virða aðeins fyrir sér það sem fyrir augu ber. Best er auðvitað að kunna spænsku og spjalla við kallinn en Raúl bóndi hefur verið klifurum hjálplegur í gegnum tíðina og séð þá ófáa röltu í gegn.


„Eftir að hafa keypt ferskan ananas og slatta af sætum banönum af Raúl köstum við á hann kveðju og höldum áfram í gegnum bakgarðinn hjá honum. Ilmurinn af besta tóbaki í heimi, sem þekur heilu hektarana í kring, fyllir vitin og maður getur ekki annað en hugsað til gærkvöldsins. Kalla það ekki þynnku, en sjö ára Havana Club, eitt-hvað yfir ráðlögðum dagskammti, á það til að minna aðeins á sig meðan maður er enn að vakna.“

El Palenque er í um fjögurra kílómetra fjarlægð frá bænum og því ekki ofraun að röltu þangað eða bara taka leigubíl. Þar er meðal annars að finna

Cuba Libre Wall. Í stórum helli er El Palenque Disco, sem er bar á daginn og eins konar diskótek á kvöldin. Fínn staður til að slaka á yfir heitasta tímenn og fá sér einn kaldan. Ef haldið er enn lengra frá bænum kemur maður að La Costanera. Það svæði er rúmlega 11 km frá bænum svo það er hentugast að taka leigubíl þangað. Best er að semja við einn um að skutla sér þangað og sækja svo um kvöldið og borga þá. La Costanera er hár og tignarlegur veggur þar sem finna má leiðir eins og Mucho Pumpito og Flyin' Hyena sem báðar eru klassískar og stórskemmtilegar hvor á sinn hátt. Þarna má finna margar fjölspannaleiðir, alls um 50 spannar af eðalklifri. Í La Costanera skín sólin aðeins á morgnana og því er gott að vera þar þegar heitt er í veðri.

Heimsklassasporklifur

Líklega er óhætt að segja að Armando Menocal sé sá sem mest veit um klifur á Kúbu. Þegar ég bað hann um að lýsa Viñales sem klifursvæði var hann ekki spar á stóru orðin. „Þarna er heimsklassasporklifur, skemmtilegt fólk og menning. Fullkomnir klifurdagar, milt veður og á hvíldardögum er hægt að fara á ströndina, í hellaferðir eða á hanaslag. Kúba er hugsanlega besta útivistar- og ævintýrasvæði sem um getur.“



Fjórða spönn í Flyin' Hyena (5.12a-b, 120m). Hér sést vel undir þakið sem hefur að geyma hina yfirþyrmandi lokaspönn. Til að forðast vandræði á niðurleið þarf að skipuleggja línuvinnu vel þegar farið er upp.
Mynd: Björgvin Hilmarsson

Armando segist hafa farið um alla Kúbu í leit að klifursvæðum. Hann segir Viñales án efa besta svæðið en að ýmsir möguleikar séu þó á nálægum svæðum. Þegar maður er á svæðinu sést líka víða skína í bera kletta sem hafa enn ekki verið skoðaðir að neinu ráði. Armando segir reyndar að sums staðar hafi verið settar upp leiðir sem á eftir að skrá. „Það er nóg eftir, ég er með langan lista yfir heilu veggina og jafnvel dalina sem bíða þess að verða skoðaðir.“

Algengt var að sjá unga stráka sniglast innan um erlendu klifrarana. Armando segir að áhugi meðal ungs fólks á Kúbu sé mikill og að samfélag klifrara sé í mótun en staðan sé erfið þegar kemur að nýliðun í sportinu. „Klifur er eitthvað sem þykir sjálfsagt í opnu samfélagi. Klifur í fátæku einræðisríki er annað mál og það krefst mikillar staðfestu og áhuga. Í gegnum sportið hafa kúbönsku klifrararnir komist í samband við erlenda klifrara og stundum uppgötvað leið til að komast burt. Þeir sem voru fyrstir til að klifra, þá með notaðan hella-könnunarbúnað, og svo þeir sem komu á eftir þeim, t.d. Aníbal Fernández og Josué Millo, sem hafa sett upp mest af leiðunum, eru allir farnir úr landi. Á innan við átta árum hafa rúllað í gegn tvær heilar kynslóðir klifrara á Kúbu. Núna er þriðja kynslóð-

in að stíga fram á sjónarsviðið. Í hvert skipti sem kynslóð klifrara hverfur frá, hverfur einnig mikil þekking, reynsla og eldmóður.“

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Hvernig sér Armando fyrir sér framtíð Viñales sem klifursvæðis? „Kúba hefur verið uppgötvuð af fremstu klifurum heims. Lynn Hill, Neil Gresham og hinn spænski David Brasco hafa öll komið til Kúbu til að klifra auk fjölda annarra. Greinar um frábært klifur á Kúbu hafa birst víða. Núna eru um 250 leiðir á bilinu 30-250 m sem hafa verið klifraðar á veggjum og í hellum, nóg til að halda klifrara uppteknum svo vikum skiptir.“ Greinilegt er að Armando telur að framtíðin sé björt.

Eins og fram hefur komið er nóg eftir varðandi nýjar leiðir í Viñales. En getur hver sem er sett upp nýja leið? Hvaða reglur gilda í því sambandi? „Í raun eru engar takmarkanir varðandi það,“ segir Armando. „En ég mæli með að viðkomandi vinni með Alberto eða Yarobys. Kúbanarnir eru óeigingjarnir og munu hjálpa hvaða klifrara sem er.“ Craig Luebben kemst skemmtilega að orði þegar hann lýsir hversu mikið eigi eftir að gera. Best að hafa þetta á frummálinu: „*The valley alone has several lifetimes of killer routes to be climbed.*“


Það kom fyrir að þjóðgarðsvörður kom að okkur sem vorum að klifra og tilkynnti að það væri bannað að klifra í þjóðgarðinum. Þetta hljómaði einkennilega í okkar eyrum, ekki síst vegna þess að í casanu hans Oscars hangir frægt plakat þar sem sigarettur eru auglýstar og klifrari pósar í einni af leiðunum í Viñales. Að sjálfsögðu er það ríkið sjálft sem er að auglýsa. Undir lok þess tíma sem ég var í Viñales voru afskipti þjóðgarðsvarðarins orðin nokkuð tíð og fólk ekki alveg rólegt yfir því. Óneitanlega veltir maður því fyrir sér hvort að í framtíðinni verði í alvöru tekið fyrir klifur þarna eða þá að nauðsynlegt verði að vera í fylgd leiðsögumanns.

Ég viðraði áhyggjur mínar við Armando. Hann útskýrði fyrir mér viðhorf yfirvalda til íþróttu um dagana. „Áherslan hefur öll verið á ólympískar íþróttir, einstaklingssport sem er ekki keppnisíþrótt og í eðli sínu hættulegt, rímar ekki við hina austurþýsku Sovéttíma staðalímynd sem er við lýði. Í allmörg ár hafa yfirvöld verið að velta sér upp úr því hvort þau eigi að leyfa klifur eða ekki. Raunin er sú að stundum er klifurum sagt að þeir þurfi að sækja um leyfi, eitthvað sem er svo ekki hægt að sækja um neins staðar og er ekki fáanlegt. Enginn hefur verið stöðvaður við klifur [sem er reyndar rangt, því við upplifðum það]. Skortur á opinberu leyfi hefur heldur ekki komið í veg fyrir að ríkið sjálft fjalli um kúbanska klifrara í mál gagni kommúnistaflokksins [Granma] til að laða að erlenda klifrara, skipuleggja klifurviðburði eða hafa myndir af klifurum uppi á vegg í þjónustumiðstöð þjóðgarðsins í Viñales.“


Mælt er með að búnaður sé skilinn eftir á Kúbu

Það er mikilvægt fyrir þá sem fara til Kúbu að klifra að hafa í huga að það er ekki hægt að skokka út í búð til að ná sér í allt sem vantar. Nauðsynlegt er að koma með allan klifurbúnað með sér. Eina leiðin fyrir kúbönsku klifrarana til að ná sér í klifurbúnað er að komast yfir notaðan búnað erlendra klifrara og því er mælt með að fólk skilji eitthvað eftir. Þegar búnaður er skilinn eftir þarf að tryggja að hann fari til þeirra sem eru að klifra en ekki í hendurnar á einhverjum sem selur hann á næsta götuhorni eða þá að hann sé notaður sem efni í múla á asna eða önnur húsdýr eins og dæmi eru um. Ég spurði Armando út í hvar best væri að skilja við búnað og hann benti á nokkra sem stóla má á að komi búnaði á rétta staði*. Hann segir að alltaf vanti grunnbúnað eins og klifurskó, belti, línur, kalk og slíkt og segir jafnframt að eins og við öll elski kúbönsku klifrararnir aukahluti eins og prAna buxur, Metolius/BD-boli, klifurblöð og plaköt svo eitthvað sé nefnt. „Það sem vantar mest eru boltar og vinir (cams), bæði nauðsynlegt til að setja upp leiðir. Boltar og akkeri verða að vera „stainless“ eða titanium, a.m.k. 3,, x 3/8“. Varðandi föt þá eru litlar stærðir bestar, ég veit ekki um einn einasta Kúbana sem notar L-belti. Ekkert er til af beltum eða skóm fyrir krakka. Endilega ekki skilja eftir mikið slitinn búnað eða gömul föt. Það er erfitt að koma búnaði til Kúbu og synd að bisa við að flytja gamalt og úr sér gengið dót.“

Höstlerar og lið sem reynir að notfæra sér grandalaus ferðamenn, svokallaðir „jinateros“ er vaxandi vandamál. Persónulega sé ég þó ekki að



La Costanera er einstaklega fallegur veggur.
Mynd: BH



Jessica Richardson
klifrar Chipojito (5.10a)
í Cueva Larga.
Mynd: BH



Lokaspönn Flyin' Hyena
(5.12a-b) í La Costanera.
Mynd: BH

þeir sem búi yfir lágmarksskynsemi þurfi að hafa mjög miklar áhyggjur af þessu. „Klifur er orðið það algengt og vinsælt að jinateros einbeita sér að erlendum klifurum. Þeir bjóðast til að taka þig með til að hitta aðra klifrara og þú verður dreginn burt frá þeim stöðum þar sem klifrarar halda sig í raun. Margir segjast nauðsynlega þurfa búa að en selja hann svo. Auðvitað er þetta þinn búnaður, þínir peningar og þú ræður hvað þú gerir við hann, en ef þú vilt vera viss um að hann komist á þá sem þurfa mest á honum að halda skaltu hafa samband við Alberto eða Yarobys í Viñales eða Alexei í Havana“ segir Armando og bendir á að svo sé bara gott að kíkja til Oscars í Viñales til að hitta á aðra klifrara.

Besta 5.10 leið í heimi

Þó svo að það sé kvikindislegt varð ég að lokum að spyrja Armando hvort hann ætti sér uppáhaldsleiðir í Viñales. „Þetta er nú ekki sanngjarnt. Þær eru svo margar. Til dæmis var að koma út grein eftir mig í Desnivel á Spáni (des. '07) þar sem ég nefni Mucho Pumpito sem bestu 5.10 (6a) leið í heimi.“ Þó svo að ég sé nokkur ljósár frá því að vera fær um að bera saman bestu 5.10 leiðir í heimi er eitthvað sem segir mér að þetta geti verið rétt því Mucho Pumpito er frábær leið. Fyrsta spönn byrjar inni í helli sem maður klifrar svo út úr og áfram upp í stans. Síðan tekur við mjög yfirhangandi spönn (meira en 30°) á góðum tókum með handleysuhvildarstað í miðri spönn. Á cubaclimbing.com má finna skemmtilegar lýsingar á klassísku leiðunum og oft vitnað í fleyg orð sem féllu við fyrstu uppáferðir.

Að lokum

Eftir að hafa spurst aðeins fyrir eru líklega bara fjórir Íslendingar sem hafa einhverja reynslu af kletta-klifri á Kúbu þegar þessi grein var skrifuð. Haraldur Örn Ólafsson klifraði einn dag í Viñales fyrir nokkrum árum. Þórður Bergsson klifraði í Viñales í mánuð ásamt félaganum sínum Svani Snæ Halldórsyni, en það var í kringum áramótin '04 – '05.

Eins og fyrr segir er ýmislegt að breytast á Kúbu um þessar mundir og því ekki útilokað að það geti átt við um reglur varðandi dvalarleyfi og annað í þeim dúr. Að lokum vil ég þakka Armando Menocal fyrir gagnlegar upplýsingar en hann lét mér einnig í té myndina af Craig Luebben. Hann á svo heiður skilinn fyrir að halda úti cubaclimbing.com svo ekki sé minnst á frumkvöðlastarf hans í aðgangsmálum klifursvæða á heimsvísu. ■

DVALARLEYFI

Vegabréfsáritun er nauðsynleg en hún gildir í einn mánuð. Hægt er að framlengja um einn mánuð en það er hámark. Til að geta verið lengur þarf að fara úr landi og koma aftur. Best er fyrir Íslendinga að snúa sér til sendiráðs Kúbu í Stokkhólmi til að fá áritun. Áður en eyjan er yfirgefin þarf að greiða brottfararskatt sem er um 25 CUC og greiðist í reiðufé á flugvælinum.

BESTI TÍMINN TIL AÐ KLIFRA

Miðað við það sem við á Íslandi eigum að venjast má segja að hvaða tími sem er henti til klifurs en líklega er desember og út mars besti tíminn. Regntíminn er frá maí til október.

AÐ KOMAST TIL KÚBU

Ekki er hægt að fljúga til Kúbu frá Bandaríkjunum og því þarf að fljúga beint frá Evrópu eða í gegnum Mexíkó til dæmis. Eitthvað hefur líka verið um beint leiguflug frá Íslandi.

PENINGAR

Á Kúbu eru tveir gjaldmiðlar í gangi, pesóar og CUC (Cuba Convertible Peso) sem jafngildir u.þ.b. einum bandaríkjadal. Í einum CUC eru 25 pesóar. Ferðamenn eiga að nota CUC og greiða meira en heimamenn fyrir nær allt, sem er í ljósi aðstæðna bara sanngjarnt.

GISTING

Ef fólk vill ekki eyða aleigunni á nokkrum vikum er best að halda sig frá hótélum og nýta sér frekar heimagingu (casas particulares). Þar er gott fólk og gestrisið sem býður upp á góðan mat.

MATUR

Besta matinn fær maður í heimagingunni. Veitingastaðir hafa oft ekki mikið upp á að bjóða. Á ferðamannahótélunum er hægt að fá meira úrval en verðið er mun hærra. Nei... það er enginn Mc Donald's á Kúbu!

BÓLUSETNINGAR

Engin mýrarkalda (malaria) er á svæðinu svo óþarfi er að bryðja lyf gegn henni. Mælt er með sprautum gegn nokkrum sjúkdómum en best er að ráðfæra sig við lækni varðandi það vel tímanlega áður en lagt er af stað.

Upplýsingabrunnur um klifur á Kúbu

www.cubaclimbing.com

* Hvar er hægt að skilja eftir klifurbúnað?

Við hvern er best að tala?

Í HAVANA: Alexei Suárez Rivero, Calle 104 #4108, e/41 y 43, Marianao, s: 260 4053.
alexisuarez@yahoo.com & nadia.sanchez@infomed.sld.cu

Í VIÑALES: Alberto Javiel Leivas Menendez, Dopico Norte, Segio #7, Viñales.
albertoescalari@correodecuba.cu

Yarobys Garcia Martinez, Rafael Trejo No 1, s: 522 98692. osniel04017@pri.jovenclub.cu

Í Viñales er hægt að spyrja heimamenn hvar megi finna Alberto eða Yarobys.